

Að greiða séreignarsparnað inn á lán

Eftir Gunnar Baldvinsson

Stjórnvöld hafa ákveðið að leggja til að heimila einstaklingum að greiða viðbótarlífeyrissparnað óskattlagðan inn á húsnæðislán. Verði það samþykkt er það ómótstæðilegt tilboð sem flestir sem eru með húsnæðislán ættu að nýta sér. Þeir sem eru í fjárhagsvandræðum ættu þó að skoða málið vandlega áður en ákvörðun er tekin.

Skattaafsláttur bætist við

Viðbótarlífeyrissparnaður er hagkvæmasti sparnaður sem völ er á vegna mótframlags launagreiðenda sem bætist við framlag launþega. Samkvæmt hugmyndum stjórnvalda verður heimilt að greiða 6% viðbótarlífeyrissparnað af launum óskattlagt inn á húsnæðislán í þrjú ár frá og með miðju ár 2014. Hámarkslaun sem heimilt er að greiða af eru 347 þúsund krónu á mánuði hjá einstaklingi og 694 þúsund krónur hjá hjónum. Með því má segja að mótframlag ríkissjóðs, sem nemur skattaafsláttinum, bætist við sparnaðinn.

Taflan sýnir innborgun inn á lán á þremur árum af mismunandi launum og fjárhæð skattaafsláttar. Í töflunni má m.a. lesa að einstaklingur eða hjón með 694 þús-



Gunnar Baldvinsson

und krónur á mánuði geta greitt 1.499 þúsund krónur inn á lán en þar af er skattaafsláttur 603 þúsund krónur og munar um minna.

Ekki er þó allt gull sem glóir og þessi leið hentar ekki fyrir alla. Viðbótarlífeyrissparnaður er lögvarinn sparnaður sem þýðir að það er ekki hægt að ganga að honum við gjaldþrot.

Þeir sem eru í miklum fjárhagslegum vandræðum ættu að hafa þetta í huga og sleppa því að greiða viðbótarlífeyrissparnað inn á lán ef þeir eiga á hættu að verða gjaldþrota. Í sumum tilvikum getur hlé á greiðslum til erlendra vörsluaðila séreignarsparnaðar haft áhrif á inneign og ættu einstaklingar með sparnað hjá þessum aðilum að leita ráðgjafar við þessa ákvörðun.

Hluti af eftirlaunasparnaði

Þeir sem skulda eftir að starfsævinni lýkur þurfa að greiða hluta af eftirlaunum í vexti og afborganir. Þar sem eftirlaun eru yfirleitt lægri en atvinnutekjur geta skuldir haft veruleg áhrif á lífsgæði. Flestir ættu því að stefna að því að vera skuldlausir þegar þeir láta af störfum.

Það er alltaf skynsamlegt að greiða niður lán og alveg sérstaklega ef ríkið leggur í púkkið með skattaafslátti. Að nota sér-

Innborgun inn á lán með séreignarsparnaði

Mánaðarlaun	347.222	694.444
Innborgun inn á lán á 3 árum	750.000	1.499.999
Þar af skattaafsláttur	301.650	603.300

Reiknað er með 4% framlagi launþega, 2% mótframlagi launagreiðanda og að iðgjöld greiðist óskattlegð inn á lán.

» Að nota séreignarsparnað með skattaafslátti til að greiða niður lán er ómótstæðilegt tilboð en þó ekki fyrir alla.

eignarsparnað til að greiða niður lán er ein leið til að byggja upp eignir og eftirlaunasparnað. Þegar kemur að starfslokum er ráðlegt að líta til allra eigna og réttinda við ákvörðun um töku eftirlauna. Hluti af eftirlaunum getur verið að ganga á hefðbundinn sparnað eða að minnka við sig eignir, t.d. með því að skipta úr stærri í minna húsnæði.

Börnin eiga ekki að borga

Með því að heimila einstaklingum að greiða viðbótarlífeyrissparnað óskattlagðan inn á húsnæðislán er ríkið að gefa eftir skatttekjur framtíðarinnar. Á árinu 2012 voru iðgjöld til séreign-

arsparnaðar samtals um 29 milljarðar en af þeim var hluti greiddur sem séreignarhluti lágmarksiðgjalds hjá lífeyrissjóðum sem heimila slíkt. Með hliðsjón af þessari fjárhæð og tillögu um hækkun á heimildum einstaklinga til viðbótarlífeyrissparnaðar má áætla að ríkið gefi eftir 20 til 30 milljarða í skatttekjur á næstu þremur árum.

Séreignarsparnaður er mikilvægur hluti af lífeyriskerfinu. Kerfið byggist á því að hver kynslóð sparar fyrir sig til að greiða fyrir bæði einkaneyslu og samneyslu eftir að starfsævinni lýkur. Skattaafslátturinn gengur gegn þessari stefnu og verður því að vera tímabundinn. Ef hann verður varanlegur er verið að nota skatttekjur framtíðarinnar til að greiða niður skuldir nútíðarinnar eða m.ö.o. að flytja hluta af skuldum okkar yfir á næstu kynslóð. Það má aldrei verða.

Séreignarsparnaður aldrei mikilvægari

Á undanföllum árum hafa reglulega komið fram hugmyndir um breytingar á séreignarsparnaði eða um að nota hluta sparnaðarins í annað en að greiða eftirlaun. Afar brýnt er að séreignarsparnaður fái að vera í friði í framtíðinni og byggjast upp til að bæta við eftirlaunin. Það er sérstaklega mikilvægt núna en á næstu áratugum er talið að fjöldi ellilífeyrisþega tvöfaldist á sama tíma og einstaklingum á vinnualdri fyrir hvern ellilífeyrisþega fækki um helming. Einnig er því spáð að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast sem kallar á meiri sparnað til að tryggja eftirlaun ævina á enda.

Höfundur er formaður stjórnar Landsamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins.

